

Nd.

467. Nefndarálit

[24. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1987.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt málið á fundum sínum. Á fund nefndarinnar komu eftirtaldir aðilar til viðræðna: Magnús Pétursson og Gunnar Hall frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Bolli Þór Bollason og Marianna Jónasdóttir frá Þjóðhagsstofnun, Bjarni Bragi Jónsson og Jakob Gunnarsson frá Seðlabanka Íslands, Halldór Jónatansson og Örn Marinósson frá Landsvirkjun, Hrafn Magnússon og Pétur Blöndal, fulltrúar lífeyrissjóðanna, Hilmar Þórisson og Katrín Atladóttir frá Húsnæðisstofnun ríkisins, Bragi Hannesson og Gísli Benediktsson frá Iðnlánasjóði, Svavar Ármannsson og Hinrik Greipsson frá Fiskveiðasjóði, Guðmundur Malmquist frá Bygðastofnun, Birgir Þorgilsson frá Ferðamálaráði, Ólafur Davíðsson og Gunnlaugur Sigmundsson frá Próunarfélaginu, Pétur Sigurðsson frá Atvinnuleysistryggingasjóði, Magnús E. Guðjónsson frá Sambandi sveitarfélaga, Ásmundur Stefánsson og Björn Björnsson frá ASÍ og Vilhjálmur Egilsson frá VSÍ.

Gestir nefndarinnar svöruðu spurningum nefndarmanna og greindu frá skoðunum sínum.

Nefndin vill árétta að framlagið skv. 22. gr. eigi að renna til Ferðamálaráðs. Meiri hl. nefndarinnar mælir með samþykkt frv. en mun flytja við 3. umr. lánsfjárlaga breytingartilögur í samræmi við afgreiðslu fjárlaga.

Alþingi, 19. des. 1986.

Páll Pétursson,
form., frsm.

Guðmundur Bjarnason.

Friðrik Sophusson.

Ólafur G. Einarsson.

Halldór Blöndal.